

# HEIMIR

V. árgangur

WINNIPEG, 1909.

10. blað.

## Þisur.

ÞAK við illsku og óhug manna—  
ysta myrkur lugarþels,  
rís af brúnum rökkurhranna  
roði lífsins fagrahvæls.

Þegar synd er synd, og glæpur  
svik og prettur, hvar sem finnst,  
þá mun Rógur, dæmdur dræpur,  
drepinn þegar varir minnst.

Vinar orð í auga þýðu  
eru þá og burtu tál,  
þegar út úr brossins bliðu  
blómsturknappi horfir sál.

KRISTINN STEFÁNSSON.

